



SJÁLFSMATSSKÝRSLA VA

2016 - 2017

Lilja Guðný Jóhannesdóttir
Gæðastjóri Verkefnitaskóla Austurlands

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Endurgjöf frá nemendum og starfsmönnum.....	3
Áfangamat.....	3
Niðurstöður áfangamats 2016 - 2017	3
Starfsmannakönnun	5
Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs.....	6
Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki.....	7
Fimm hæstu og lægstu einkunnir VA	7
Útskrift áfanga.....	9
Kennsluáætlanir	9
Áfangalýsingar	10
Framvindumat	10
Áfangaskýrslur 2016 – 2017	11
Einkunnalistar.....	11
Gerð lokaprófa	11
Samantekt	12
Forvarnamál í VA.....	13
Matsáætlun 2017 – 2018	17
Fylgiskjöl	19
Fylgiskjal 1 – Spurningar í áfangamati	19
Fylgiskjal 2 – Niðurstöður áfangamats 2016 – 2017 - fjölvalsspurningar.....	21
Fylgiskjal 3 – Niðurstöður áfangamats vor 2017 – fjarnámsáfangar - fjölvalsspurningar	25

Inngangur

Á haustönn 2014 hófst vinna við innleiðingu á ISO-gæðavottunarkerfi í vélstjórnarnámi Verkmenntaskóla Austurlands (VA). Er þar byggt á *Gæðahandbók* Verkmenntaskólans á Akureyri. Upphaflega átti að einskorða vottunina við vélstjórnarnám í VA en fljótlega urðu stjórnendur skólans sannfærðir um að taka ætti upp ISO gæðavottun samkvæmt ISO 9001 staðli fyrir allan skólann. Hefur vinna við sjálfsmat skólans því markast af innleiðingunni sl. þrjú skólaár og teljum við okkur komin vel á veg í skrásetningu vinnuferla. Veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu er það sem kallast *útskrift áfanga* en hafist var handa við þá vinnu á haustönn 2016. Á fyrra skólaári var þó byrjað að vinna með flesta þætti sem tengjast slíkri útskrift en nú var ferlið aðlagð vinnulagi í VA betur og eftirfylgnin meiri.

Frá og með hausti 2016 var sjálfsmatsnefnd lögð niður og í stað hennar skipað gæðaráð skólans sem er liður í innleiðingarferlinu. Skólaárið 2016 – 2017 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði:

- Lilja Guðný Jóhannesdóttir – gæðastjóri og kennari
- Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir – áfangastjóri
- Sigurborg Hákonardóttir – fjármálastjóri
- Gunnar S. Ólafsson – kennari í náttúrufræðigreinum
- Pjetur St. Arason – kennari í samfélagsgreinum og trúnaðarmaður
- Jón Valgeir Jónsson – kennari í vélstjórnarnámi

Í skýrslunni sem hér fer á eftir er gerð grein fyrir þeim könnunum og úttektum sem gæðaráð skólans gerði á yfirstandandi skólaári og niðurstöðum úr ytra mati sem nýtt er sem hluti gæðastjórnunarkerfisins. Farið er yfir stöðuna varðandi útskrift áfanga. Gerð er grein fyrir vinnu við forvarnamál og niðurstöðum könnunar sem gefa vísbendingar um árangur þar. Loks er lögð fram matsáætlun komandi skólaárs (2017 – 2018).

Endurgjöf frá nemendum og starfsmönnum

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO gæðastjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati og starfsmannakönnunum. Hér á eftir má sjá niðurstöður fyrir skólaárið 2016 – 2017.

Áfangamat

Áfangamat er lagt fyrir undir lok hvern annar. Í áfangamati gefst nemendum tækifæri til að gefa endurgjöf á áfanga, s.s. skipulagi kennslu, aðstöðu o.fl. Undanfarin ár hefur áfangamatið verið framkvæmt í gegnum Survey Monkey. Kennarar hafa hingað til valið hvaða áfanga þeir vilja láta meta og í sumum tilfellum hefur fleiri en einn áfangi verið metinn hjá sama kennara. Með innleiðingu ISO gæðastjórnunarkerfisins er hins vegar miðað við að hver áfangi sé metinn á 18 – 24 mánaða fresti og því verður slíku fyrirkomulagi komið á fót á næsta skólaári.

Niðurstöður áfangamats 2016 - 2017


Áfangamat haustannar var lagt fyrir í lok nóvember. Alls var áfangamatið lagt fyrir í 26 áföngum. Svarhlutfall var að meðaltali 73,5%. Í sex áföngum náðist 100% svörun. Svarhlutfall var undir 70% í tíu áföngum en miðað er við að ná að lágmarki 70% svarhlutfalli til að niðurstöður teljist marktækar.

Áfangamat vorannar var lagt fyrir í lok apríl. Aftur var áfangamatið lagt fyrir í 26 áföngum. Svarhlutfall var að meðaltali 76,2%. Í sjö áföngum náðist 100% svörun. Svarhlutfall var undir 70% í átta áföngum.

Svörun í hreinum fjarnámsáföngum¹ hefur almennt verið frekar dræm og því var gripið til þess ráðs á vorönn 2017 að aðlaga áfangamatið að fjarnemum með því að sleppa nokkrum spurningum sem ekki þótti rétt að ætlast til að þeir svöruðu og aðlaga eina spurningu². Áhrifin voru ekki eins og vonast var til og var svörun í þessum áföngum enn dræm, eða að meðaltali 57%.


¹ Hér er átt við áfanga sem eingöngu eru í boði í fjarnámi. Þess utan eru margir áfangar með blöndu af fjar- og staðnámi.

² Fylgiskjal 1: Spurningar í áfangamati.




Mynd 1: Svarhlutfall í áfangamati

Á Mynd 1 má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati fyrir síðustu þrjár annir. Hlutfallið rokkar nokkuð á milli anna en fjöldi áfanga þar sem næst 100% svörun hefur þó aukist umtalsvert.



Mynd 2: Niðurstöður áfangamats 2016 – 2017 - Ánægja með kennslu

Á Mynd 2 má sjá afstöðu nemenda til eftirfarandi fullyrðingar: „Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.“ Hlutfall nemenda sem segjast vera ánægðir með kennsluna (sammála og frekar sammála) er 85% á haustönn og 83% á vorönn.



Mynd 3: Niðurstöður áfangamats 2016 – 2017 – Náms- og kennslubúnaður í áföngum

Á Mynd 3 má sjá afstöðu nemenda til eftirfarandi fullyrðingar: „Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.“ Hlutfall nemenda sem telur aðstöðuna viðunandi (sammála og frekar sammála) er 93% á haustönn og 90% á vorönn.

Að öðru leyti er vísað í *Fylgiskjal 2* fyrir niðurstöður áfangamats 2016 - 2017 en þar má sjá svör við öllum spurningum sem lagðar voru fyrir. Í *Fylgiskjali 3* má svo sjá svör við spurningum úr áfangamati sem sniðið var að hreinum fjarnámsáföngum eins og fyrr er nefnt.


Starfsmannakönnun

Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) stendur árlega fyrir könnuninni *Stofnun ársins* sem er ein stærsta og veigamesta vinnumarkaðskönnun landsins og er hún framkvæmd af Gallup. Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, ímynd stofnunar og jafnrétti. Niðurstöðurnar gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu mála innan þeirra stofnana sem taka þátt í könnuninni.

Verkmenntaskóli Austurlands hefur verið þátttakandi í *Stofnun ársins* undanfarin ár og því ákvað Gæðaráð að nota þessa könnun sem starfsmannakönnun skólans. Var könnunin framkvæmd í mars 2017. Þegar niðurstöður voru birtar í maímánuði var óskað eftir ítarlegri gögnum fyrir skólann og voru þau rýnd í Gæðaráði.

Í stuttu máli er hægt að segja að niðurstöður fyrir VA hafi verið góðar. Skólinn fékk meðaleinkunnina 4,29 og hafnaði í 9. sæti meðalstórra stofnana en í þeim flokki voru 45 stofnanir. Svarhlutfall var 69%.

Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs




Mynd 4: Úr skýrslu Gallup – tölurnar í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs.

Mynd 4 sýnir breytingar á meðaleinkunn VA árið 2017 frá meðaltali ársins 2016. Eins og sjá má þá eru breytingar afar litlar. Hvað launakjör varðar hefur ánægja dregist örlítið saman en launakjör eru sá þáttur sem stofnunin hefur hvað minnst áhrif á. Fyrir liggur endurskoðun á stofnanasamningum skólans; við Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, KÍ og Rafiðnaðarsamband Íslands. Stofnanasamningur eru sú leið sem stofnunin hefur til að hafa áhrif á launakjör þrátt fyrir að möguleikarnir takmarkist að sjálfsögðu við þær fjárveitingar sem skólinn fær til launagreiðslna.

Mestu hækkunina má sjá hvað varðar sveigjanleika vinnu og sjálfstæði í starfi þó hér sé aftur um að ræða afar litla breytingu.


Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki




Mynd 5: Úr skýrslu Gallup – samanburður allra matsþátta

Á Mynd 5 má sjá samanburð allra matsþátta milli VA og annarra framhalds- og háskóla og einnig meðal allra stofnana sem tóku þátt í könnuninni. Eins og sjá má er VA með betri niðurstöðu en meðaltal skólanna á öllum matsþáttum og einnig með hærra meðaltal en allar stofnanir. Sérstaklega er niðurstaðan áberandi hvað varðar ánægju með stjórnun og ánægju og stolt.

Fimm hæstu og lægstu einkunnir VA



Mynd 6: Úr skýrslu Gallup – fimm hæstu einkunnir VA. Tölurnar í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki.



Mynd 7: Úr skýrslu Gallup – fimm lægstu einkunnir VA. Tölurnar í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki.

Myndir 5 og 6 sýna enn góða útkomu VA úr könnuninni. Ef rýnt er nánar í myndina má þó sjá að í tveimur af fimm lægstu einkunnum skólans er meðaltal skólans undir meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki (framhalds- og háskólar). Þetta er annars vegar spurning um hvort starfsmenn telji vinnuveitandann veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum. Ánægja með þennan þátt í VA var undir meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki. Gæðaráð skoðaði sérstaklega hvaða áhrif væri mögulega hægt að hafa á þessa afstöðu starfsmanna til lengri tíma og var niðurstaðan sú að stofnasamningar væru það eina sem stofnunin sjálf gæti haft áhrif á, eins og nefnt hefur verið hér að framan.

Hins vegar var um að ræða ánægju með vinnuaðstöðu, þ.e. vinnu og skrifstofurými. Þar var aftur minni ánægja innan VA heldur en almennt meðal stofnana í sama stofnanaflokki. Þar sem skólaári var að ljúka þegar niðurstöðurnar bárust var ákveðið í gæðaráði að skoða þessi mál betur á næsta skólaári og leggja fyrir ítarlegri könnun til að átta sig á hvað hefur áhrif á þessa afstöðu.

Útskrift áfanga

Eins og áður hefur komið fram þá er útskrift áfanga veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila og setja á kennsluvef í byrjun annar.
2. Áfangalýsing skal skila í byrjun annar.
3. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.
4. Í lokaprófsáföngum skal unnið eftir reglum um gerð prófa.
5. Áfangaskýrslu skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Almenna reglan er sú að allir áfangar³ eiga að útskrifast. Eitt og annað getur þó komið upp á í skólalastarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga.

Á haustönn 2016 voru áfangar til útskriftar 92 talsins, þar af 85 í dagskóla og 7 í kvöldskóla. Á vorönn 2017 voru áfangar til útskriftar alls 104, 99 í dagskóla og áfangar í kvöldskóla voru 5. Hér á eftir er gerð grein fyrir útskrift áfanga á skólaárinu 2016 – 2017.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Er þeim bæði skilað til áfangastjóra og þær rýndar en einnig er þeim skilað undirrituðum af kennara og áfangastjóra inn á kennsluvef að rýningu lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til áfangastjóra⁴ skólaárið 2016 – 2017:

- Haustönn 2016
 - Dagskóli – kennsluáætlun var skilað fyrir 98% áfanga (tvær vantaði).
 - Kvöldskóli - kennsluáætlun var skilað fyrir 86% áfanga (eina vantaði).

³ Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

⁴ Skil kennsluáætlana á Kennsluvef hafa ekki verið rýnd fram til þessa.

- Vorönn 2017
 - Dagskóli - kennsluáætlun var skilað fyrir 88% áfanga (11 vantaði).
 - Kvöldskóli - kennsluáætlun var skilað fyrir 60% áfanga (tvær vantaði).

Áfangalýsingar

Áfangalýsingu skal skila með kennsluáætlun við upphaf annar. Með skilum á áfangalýsingu staðfestir viðkomandi kennari að lýsing áfangans í kennsluáætlun sé í samræmi við námskrárvef Mennta- og menningarmálaráðuneytis ([Námskrá.is](http://Namskra.is)).

Skil áfangalýsinga til áfangastjóra skólaárið 2016 – 2017:

- Haustönn 2016
 - Dagskóli – áfangalýsingum var skilað fyrir 98% áfanga (tvær vantaði).
 - Kvöldskóli - áfangalýsingum var skilað fyrir 86% áfanga (eina vantaði).
- Vorönn 2017
 - Dagskóli - áfangalýsingum var skilað fyrir 87% áfanga (13 vantaði).
 - Kvöldskóli - áfangalýsingum var skilað fyrir 60% áfanga (tvær vantaði).

Framvindumat

Framvindumat var framkvæmt einu sinni á hvorri önn. Felst matið í því að deildarstjórar hitta kennara deildar og fara með þeim yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga. Þar sem enginn deildarstjóri er í bóknámi fór gæðastjóri yfir stöðuna með kennurum þar. Einnig fór gæðastjóri yfir framvindumat deilda með hverjum deildarstjóra.

Niðurstöður framvindumats voru á báðum önnum teknar fyrir á fundi gæðaráðs og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var á.

Fjöldi áfanga sem fór í gegnum framvindumat skólaárið 2016 – 2017:

- Haustönn 2016
 - Dagskóli – 96% áfanga fóru í gegnum framvindumat (þrjú vantaði).
 - Kvöldskóli – 100% áfanga fór í gegnum framvindumat.
- Vorönn 2017
 - Dagskóli – 100% áfanga fór í gegnum framvindumat.
 - Kvöldskóli – 100% áfanga fór í gegnum framvindumat.

Áfangaskýrslur 2016 – 2017

Áfangaskýrslum skiluðu kennarar fyrir námsmatssýningu, bæði á haust- og vorönn. Í áfangaskýrslum skrifa kennarar stutta skýrslu um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Einnig geta þeir í skýrslunni gert opnar athugasemdir og vísað þeim til deildastjórafundar og/eða gæðaráðs eftir því sem við á. Með áfangaskýrslum skila kennarar sundurliðun einkunna. Skólameistari og áfangastjóri rýna skýrslurnar og bregðast við eftir því sem þörf er á.

Skil á áfangaskýrslum skólaárið 2016 - 2017 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2016
 - Dagskóli – áfangaskýrslum var skilað fyrir 95% áfanga (fjórar vantaði).
 - Kvöldskóli - áfangaskýrslum var skilað fyrir 100% áfanga.
- Vorönn 2017
 - Dagskóli - áfangaskýrslum var skilað fyrir 94% áfanga (sex vantaði).
 - Kvöldskóli - áfangaskýrslum var skilað fyrir 60% áfanga (tvær vantaði).

Einkunnalistar

Einkunnalístum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum.

Skil á einkunnalístum skólaárið 2016 - 2017 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2016
 - Dagskóli – einkunnalístum var skilað fyrir 95% áfanga (fjóra vantaði).
 - Kvöldskóli - einkunnalístum var skilað fyrir 100% áfanga.
- Vorönn 2017
 - Dagskóli - einkunnalístum var skilað fyrir 89% áfanga (10 vantaði).
 - Kvöldskóli - einkunnalístum var skilað fyrir 60% áfanga (tvo vantaði).

Gerð lokaprófa

Gátlista varðandi gerð prófa skal skila þegar um lokapróf er að ræða, hvort sem um er að ræða pappírpróf, rafrænt próf, verklegt próf eða munnlegt próf. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að prófið hafi verið skoðað m.t.t. ýmissa þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófinu. Áfangastjóri eða deildarstjóri rýnir einnig prófið.

Skil á gátlistum um gerð lokaprófa skólaárið 2016 - 2017 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2016
 - Dagskóli – gátlistum var skilað fyrir 99% lokaprófsáfanga (einn vantaði).
 - Kvöldskóli - gátlistum var skilað fyrir 100% lokaprófsáfanga.
- Vorönn 2017
 - Dagskóli - gátlistum var skilað fyrir 100% lokaprófsáfanga.
 - Kvöldskóli - gátlistum var skilað fyrir 100% lokaprófsáfanga.

Samantekt

Á haustönn 2016 voru 85 áfangar kenndir í dagskóla og 93% þeirra útskrifaðir. Af þeim sex áföngum sem ekki var hægt að útskrifa voru tveir án kennsluáætlunar og áfangalýsingar til áfangastjóra. Fjórir áfanganna voru án áfangaskýrslu og einkunnalista. Í kvöldskólanum var hægt að útskrifa 43% áfanga en þar voru kenndir sjö áfangar. Af þeim fjórum áföngum sem ekki var hægt að útskrifa var einn áfangi án kennsluáætlunar og áfangalýsingar til áfangastjóra. Fjórir áfangar voru án áfangaskýrslu og einkunnalista.

Á vorönn 2017 var hægt að útskrifa 80% kenndra áfanga í dagskóla, eða 79 áfanga. Af þeim áföngum sem ekki var hægt að útskrifa voru 11 án kennsluáætlunar til áfangastjóra, 13 án áfangalýsingar (í 15 vantaði þetta bæði) og 10 án einkunnalista. Í kvöldskóla var hægt að útskrifa 60%⁵ kenndra áfanga eða þrjá áfanga af fimm. Fyrir þá tvo áfanga sem ekki var hægt að útskrifa vantaði kennsluáætlun til áfangastjóra, áfangalýsingu og einkunnalista.

Af þessum niðurstöðum er ljóst að fylgja þarf betur eftir útskrift áfanga. Sérstaklega er áberandi að gögn vantar í tengslum við stundakennslu en í þeim tilfellum fara kennarar gjarnan á mis við umræðu um gæðakerfið. Þetta þarf að bæta á komandi skólaári með því að upplýsa viðkomandi kennara betur um gæðakerfið sem verið er að innleiða.

⁵ Áfangar í kvöldskóla þessa önn voru 5 talsins og því hefur hver áfangi mikil áhrif á hlutfall útskrifaðra áfanga.

Forvarnamál í VA


Í VA er mikil áhersla lögð á forvarnamál og er starfandi forvarnateymi við skólann. Í því sitja forvarnafulltrúi sem kemur úr hópi kennara, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar Nesskóla sem er heilsueflandi grunnskóli (er staðsettur í nágrenni við VA), tveir fulltrúar nemenda og í sumum tilfellum aðrir áhugasamir starfsmenn VA.

Samvinna í teyminu virkar svo í báðar áttir þar sem fulltrúar VA og foreldra í forvarnateymi VA taka líka þátt í heilsueflandi hópi Nesskóla og eru í stýrihópi um heilsueflandi Fjarðabyggð.

Forvarnateymið fundar 1 – 3 sinnum í mánuði. Á milli funda notar teymið Facebook hóp til samvinnu. Mikil áhersla hefur verið lögð á aðkomu að forvarnamálþingum og styrktarumsóknir. Teyminu hefur tekist að tryggja fjármögnun fyrir forvarnaverkefni eins og málþingin sem haldin hafa verið undanfarin ár. Í ár var áhersla málþingsins að mestu á ofbeldisforvarnir. Þar var fjallað kynferðisofbeldi (leiðir til hjálpar og viðbrögð samfélagsins), heimilisofbeldi, líðan ungs fólks og valdeflingu á landsbyggðinni og hvernig það er að vera brúnn Íslendingur.


Stærstu verkefni skólaársins 2016 – 2017 voru málþingin og aðrir fræðsluviðburðir. Einnig fór teymið í vetur yfir áherslur í forvarnastarfinu og forgangsraðaði. Til stuðnings við forgangsroðun fór teymið m.a. yfir skýrslu *Rannsóknna og greiningar* (R & G) um niðurstöður úr rannsókninni *Ungt fólk* og velti fyrir sér mögulegum aðgerðum. R & G sérhæfir sig í rannsóknum á högum og líðan ungs fólks bæði á Íslandi og erlendis og eru niðurstöður þessara rannsókna m.a. nýttar í forvarnavinnu. Könnunin *Ungt fólk* var lögð fyrir dagskólanemendur í VA í október 2016.

Í niðurstöðum kom fram að áfengisnotkun meðal nemenda VA er umtalsvert minni en almennt er í framhaldsskólum og einnig er minna um daglegar reykingar tóbaks og notkunar marjúána.




Mynd 8: Úr skýrslu R&G – Daglegar reykingar, samanburður milli framhaldsskóla

Mynd 8 sýnir hlutfall nemenda í hverjum framhaldsskóla landsins 2016 sem reykja sígarettur daglega. Á henni má sjá að 5% nemenda í dagskóla í VA reykja daglega á meðan meðaltal framhaldsskólanna er 6,5%.



Mynd 9: Úr skýrslu R&G – Ölvun síðastliðna 30 daga – samanburður milli framhaldsskóla


Mynd 9 sýnir fjölda nemenda í framhaldsskólum sem hefur orðið ölvaður einu sinni eða oftar síðustu 30 daga fyrir könnunina. Hér er hlutfall ölvunar í VA langlægst allra framhaldsskólanna.



Mynd 10: Úr skýrslu R&G – Ólögleg vímuefni: Maríjúana – samanburður milli framhaldsskóla

Mynd 10 sýnir hlutfall nemenda í hverjum framhaldsskóla landsins vori 2016 sem hafa notað maríjúana einu sinni eða oftar um ævina. Notkun nemenda VA umtalsvert minni en almennt er í framhaldsskólunum.


Ekki voru þó allar vísbendingar úr skýrslu R & G jafn jákvæðar fyrir VA en niðurstöðurnar sýndu greinilega að efla þarf forvarnastarf sem snýr að sjálfskaðandi hugsunum og hegðun.



Mynd 11 sýnir hlutfall framhaldsskólanemenda á Íslandi og VA árið 2016 sem hafa einu sinni eða oftar hugleitt að skaða sig, greint eftir kynferði. Hér er hlutfallið í VA umtalsvert hærra en meðaltal á landsvísu, sérstaklega þegar hlutfallið hjá strákum er skoðað. Þetta háa hlutfall

sjálfskaðandi hugleiðinga meðal stráka er sérstaklega sláandi þegar haft er í huga að þeir leita sér síður aðstoðar vegna vanlíðunar eða eftir úrræðum sér til hjálpar.

Sjálfskaðandi hegðun



Mynd 12: Úr skýrslu R&G – Sjálfskaðandi hegðun

Loks má hér sjá *Mynd 12* sem sýnir hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi og VA sem hafa einu sinni eða oftara skaðað sig, greint eftir kynferði. Þar er meðaltal VA undir landsmeðaltali þegar snýr að stelpum en yfir meðaltalinu þegar snýr að strákum, þó ekki sé munurinn jafn sláandi eins og á *Mynd 11*.

Eins og áður segir þá fór forvarnateymi VA yfir niðurstöður skýrslunnar í heild og forgangsraðaði verkefnum fyrir komandi skólaár en þar verður áherslan að mestu á forvarnir gegn sjálfskaðandi hegðun en einnig verður lögð áhersla á fræðslu tengd vímuefnaneyslu.

Matsáætlun 2017 – 2018

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður											Ábyrgð			
			8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6		7		
1	Áfangamat: Könnun meðal nemenda um kennslu, skipulag, samstarf og vinnu í einstökum áföngum og út frá ákveðnum kennurum.	VKL-402, VKL-301				X							X				Gæðaráð
2	Starfsmannasamtöl: Skólameistari á formlegt samtal við starfsmann á 2ja ára fresti. Í samtalinu eru greindir þættir sem kennaranum finnst ganga vel með og hins vegar þeir þættir sem kennarinn vill bæta sig í. Rætt er um starfspróun og markmiðssetning sett fram til framtíðar. Niðurstöður úr áfangamati eru ræddar.	VKL-206, LSM-003, LSM-004, GÁT-010, GÁT-020															Skólameistari
3	Þjónustukönnun: Mötuneyti og heimavist.											X					Gæðaráð Skólameistari
4	Þjónustukönnun: Verknámsvika VA og Fjarðabyggðar.												X				Gæðaráð Skólameistari
5	Starfsmannakönnun: Könnun meðal starfsmanna VA um starfsaðstöðu, stjórnendur, samstarf, vellíðan á vinnustað og fl. Framkvæmt með þátttöku í Stofnun ársins(svarhlutfall þarf að vera að lágmarki 35% til að stofnun nái inn á listann stofnun ársins) .											X					Gæðaráð Skólameistari
6	Starfsmannakönnun: Afstaða til starfsumhverfis.					X											Gæðaráð Skólameistari
7	Framkvæmd kennslu: Sjálfsmat kennara á framkvæmd kennslu: a) á miðri önn – framvindumat. b) í lok annar – áfangaskýrsla kennara.	VKL-106, GÁT-020 GÁT-013			X		X					X		X			Allir kennarar Deildarstjórar Gæðastjóri Áfangastjóri
8	Rýni á kennsluáætlunum: Allar kennsluáætlanir eru rýndar út frá markmiðum viðkomandi áfanga, vinnuskipulagi, auðlindum, aðbúnaði og námsmati.	GÁT-045	X							X							Allir kennarar Deildarstjórar Áfangastjóri
9	Mat á prófum: Öll próf skólans rýnd áður en þau eru lögð fyrir út frá samræmdu útliti, fjölbreytileika í prófa- og spurningagerð.	VKL-306, VKL-307, GÁT-037				X	X					X	X				Allir kennarar Deildarstjórar Áfangastjóri

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður														Ábyrgð	
			8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7				
10	Vikulegir fundir gæðaráðs Gæðamál eru fastur liður á dagskrá á vikulegum fundum gæðaráðs þar sem farið er yfir frávík, breytingar, niðurstöður úttekta, þörf fyrir frekari úttektir, forvarnir og annað sem til fellur.	VKL-102, GÁT-040, GÁT-044.	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X					Gæðastjóri Gæðaráð

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Spurningar í áfangamati

Staðkennsla og blandaðir áfangar

1. Kennsluáætluninni er vel fylgt.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði- og
- Frekar ósammála
- Ósammála

2. Hvernig finnst þér kennsluvefurinn nýtast þér í áfanganum?

3. Kennarinn er vel undirbúinn í kennslustundum.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

4. Kennarinn kemur námsefninu vel til skila.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

5. Kennaranum tekst að vekja áhuga minn á námsefninu.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

6. Kennarinn bregst vel við spurningum.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

Hreinir fjarnámsáfangar

1. Kennsluáætluninni er vel fylgt.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði- og
- Frekar ósammála
- Ósammála

2. Hvernig finnst þér kennsluvefurinn nýtast þér í áfanganum?

3. Kennarinn kemur námsefninu vel til skila.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

4. Kennaranum tekst að vekja áhuga minn á námsefninu.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

5. Kennarinn bregst vel við fyrirspurnum.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

6. Kennarinn hvetur mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

7. Kennarinn hvetur mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

8. Kennarinn kemur eins fram við alla nemendur.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

9. Samskipti mín við kennarann eru góð.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

10. Kröfurnar sem gerðar eru í áfanganum eru:

- Mjög miklar
- Frekar miklar
- Bæði- og
- Frekar litlar
- Mjög litlar

11. Á heildina lítið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

12. Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

13. Skilaboð til stjórnenda varðandi þennan áfanga eða annað sem lýtur að skólasterfinu.

7. Samskipti mín við kennarann eru góð.

- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála

8. Kröfurnar sem gerðar eru í áfanganum eru:



- Mjög miklar
- Frekar miklar
- Bæði- og
- Frekar litlar
- Mjög litlar




9. Á heildina lítið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.




- Sammála
- Frekar sammála
- Bæði - og
- Frekar ósammála
- Ósammála




10. Skilaboð til stjórnenda varðandi þennan áfanga eða annað sem lýtur að skólasterfinu.

Fylgiskjal 2 – Niðurstöður áfangamats 2016 – 2017 - fjölvalsspurningar










Fylgiskjal 3 – Niðurstöður áfangamats vor 2017 – fjarnámsáfangar - fjölvalsspurningar


Kennsluáætluninni er vel fylgt.

Answered: 15 Skipped: 0




Kennarinn kemur námsefninu vel til skila.

Answered: 15 Skipped: 0




Kennaranum tekst að vekja áhuga minn á námsefninu.

Answered: 15 Skipped: 0




Kennarinn bregst vel við fyrirspurnum.

Answered: 32 Skipped: 0




Kennarinn hvetur mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Answered: 32 Skipped: 0




Samskipti mín við kennarann eru góð.

Answered: 32 Skipped: 0



Kröfurnar sem gerðar eru í áfanganum eru:

Answered: 32 Skipped: 0



Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.

Answered: 32 Skipped: 0

